

**Nd.**

**32. Frumvarp**

til laga um ræktunarsamþykktir.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson, Ásgeir Ásgeirsson.

**1. gr.**

Heimilt er að gera ræktunarsamþykktir fyrir lögbýli á tilteknu svæði -- einum hreppi að jafnaði — um túnsléttun og nýrækt eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, skyldum og réttindum, sem lög þessi greina.

## 2. gr.

Aðstoð um undirbúning ræktunarsamþykktar og eftirlit allra framkvæmda samkvæmt þeim hefir Búnaðarfélag Íslands, eftir því sem lög þessi mæla fyrir.

## 3. gr.

Frumkvæði að því, að ræktunarsamþykkt sé gerð, getur átt hver ábúandi lögbýlis á samþykktarsvæðinu, eða þeir menn, er vinna í opinberri þjónustu að landbúnaðarmálum.

## 4. gr.

Nú vill einhver gera tillögu um að undirbúningur sé hafinn um að ræktunarsamþykkt sé sett fyrir lögbýli í hreppi hans, skal hann þá snúa sér til sveitarstjórnar með ósk um, að hún boði alla búendur hreppsins á fund með nægum fyrirvara og að tilgreindu fundarefni.

## 5. gr.

Þá er fundur ályktunarfær um málið, ef minnst  $\frac{3}{4}$  búenda sækja hann. Sveitarstjórn leggur þá fyrir fundinn tillögu um að ræktunarsamþykkt sé sett fyrir hreppinn. Hljóti tillagan samþykki  $\frac{1}{5}$  hluta búenda, sem á fundi eru, skal hafinn undirbúningur til framkvæmda.

## 6. gr.

Nú samþykkir fundurinn að hefja undirbúning til lögmætrar samþykktar, skal sveitarstjórn þá snúa sér til Búnaðarfélags Íslands með ósk um, að hún láti athuga skilyrði fyrir túnsléttun og nýrækt á öllum lögbýlum samþykktarsvæðisins, og sömuleiðis skilyrði fyrir skiptingu jarða til nýbýla, gera áætlun um kostnað og framkvæmd ræktunarinnar, hversu mikið land skuli brjóta til nýræktar á hverju býli, hversu langan tíma muni taka að vinna það, er vinna þarf með dráttarvélum — einni eða fleirum — og tilheyrandi jarðyrkjuáhöldum, og hversu mikið ræktunin muni kosta.

Skýlt er Búnaðarfélagi Íslands að láta þennan undirbúning í té að kostnaðarlausu fyrir viðkomandi héruð.

Búnaðarfélag Íslands getur leitað aðstoðar viðkomandi búnaðarsambanda, hreppabúnaðarféлага og sveitarstjórna um allt það, er þessu við kemur. Skal skýlt að láta þá aðstoð í té.

## 7. gr.

Að þessum undirbúningi loknum skal sveitarstjórn boða til fundar á ný um málið. Skal lagt fyrir fundinn álit og tillögur Búnaðarfélagsins um málið, áætlun um kostnað, aðgreindan fyrir hvert býli, og frumvarp til ræktunarsamþykktar. Gilda sömu ákvæði um lögmæti þess fundar og löglegt samþykki á ræktunarsamþykktinni, sem fram eru tekin í 5. gr.

## 8. gr.

Nú hefir frumvarp til ræktunarsamþykktar verið samþykkt í héraði samkvæmt 7. gr., og skal þá leita staðfestingar ríkisstjórnar á henni. — Að fenginni

umsögn Búnaðarfélags Íslands staðfestir atvinnumálaráðherra samþykktina, eða breytir henni, og endursendir hana þá til endursamþykktar í héraði. Ríkisstjórn skipar fyrir um birting ræktunarsamþykktar og tiltekur hvenær hún skuli öðlast gildi.

#### 9. gr.

Jafnskjótt sem ræktunarsamþykkt hefir náð staðfestingu ríkisstjórnar, skal skipuð framkvæmdarstjórn þannig, að ráðherra skipar formann framkvæmdarstjórnar, en Búnaðarfélag Íslands og viðkomandi sveitarstjórn sinn meðstjórnandann hvort. — Framkvæmdarstjórnin annast um, með aðstoð og eftirliti Búnaðarfélags Íslands, framkvæmd ræktunar eftir ræktunarsamþykkt.

#### 10. gr.

Í ræktunarsamþykkt skal ákveðið:

1. Að slétta tún allra lögbýla í hreppnum, svo að þau verði véltæk til heyvinnu (sbr. þó 18. gr.).
2. Að brjóta land til nýræktar á hverju býli, svo stórt sem hæfa þykir til þess að hægt sé að leggja niður útheyskap, sem eigi svarar kostnaði.
3. Hversu framkvæmd skuli haga, svo sem hvar skuli byrja, hvort farin skuli ein eða fleiri umferðir um samþykktarsvæðið með verkfærin og því um líkt.
4. Að ræktunarkostnaðurinn skiptist niður á býlin eftir rétttri tiltölu.
5. Að kostnaðarhluta jarðeigenda við ræktunina megi leggja á býlin sem kvöð, er hvílir á jarðeigendum en greiðist af landskuldinni, í svo mörg ár, sem hæfilegt þykir eftir upphæð kostnaðarins og stærð býlisins, þó ekki í lengri tíma en 15 ár eftir að ræktuninni er lokið á býlinu.
6. Að framlag ríkisins til kostnaðar við ræktun býlis, sbr. 15. gr., megi leggjast á býlið sem ævarandi afgangskvöð.
7. Að ábúendur býlanna allra, sem samþykktin nær til, ábyrgist sameiginlega — einn fyrir alla og allir fyrir einn — að ábúendur inni af höndum, eftir því sem þörf krefur, þann hluta af framlagi til ræktunarkostnaðar, er þeim sem slíkum er skylt að inna af höndum.
8. Annað það, er þurfa þykir.

#### 11. gr.

Á býlum, sem eru í einkaeign, skal umsamin landskuld, ef um leiguábúð er að ræða — en metin landskuld 4% af fasteignamatsverði af býlum, sem eru í sjálfsábúð — vera veð fyrir þeim hluta ræktunarkostnaðar, sem ræðir um í 15. gr. 2. lið. — Má leggja lögbald á landskuld leigubýlis til fullnægingar áskilinni árgreiðslu, en taka árlegt áskilið framlag fyrir býli í sjálfsábúð lögtaki í eignum ábúanda. Þessi kvöð kemur því aðeins til, að eigendur býlanna leggi ekki fram ræktunarkostnaðinn jafnóðum sem hann fellur á.

Gegn framangreindri tryggingu skal framkvæmdarstjórn heimilt að taka lán, eftir því sem þörf krefur, til þessa hluta kostnaðar. Lánið má taka í Búnaðarbanka Íslands, eða annarsstaðar.

#### 12. gr.

Eigendur býla geta leyst af þeim afgjaldskvöð þá, er ræðir um í 10. gr. 6. lið, annaðhvort með því að leggja fram sjálfir ræktunarkostnaðinn þegar í upphafi, eða með því að leysa inn afgjaldskvöðina --- eftir að hún hefir verið ákveðin og lögð á --- í eitt skipti fyrir öll, með 25-faldri upphæð hennar.

#### 13. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli, sem er í leiguabúð. áður en lokið er ræktunarframkvæmdum samkv. ræktunarsamþykkt og flyzt þá sjálfskuldarábyrgð leiguliða samkvæmt 10. gr. 7. lið yfir á viðkomandi leiguliða.

#### 14. gr.

Ábúandi fer jafnan með atkvæði fyrir ábýli sitt. Er eigendum þeirra jarða á samþykktarsvæðinu, sem í leiguabúð eru, skylt að hlíta ræktunarsamþykktum fyrir jarðir sínar, án þess að samþykkis þeirra sé leitað sérstaklega.

#### 15. gr.

Framlag til ræktunarframkvæmda samkvæmt ræktunarsamþykkt skiptist þannig:

1. Ríkissjóður leggur til dráttarvélar með tilheyrandi jarðyrkjuverkfærum og mann til að stjórna þeim.
2. Jarðeigandi leggur fram grasfræ til varanlegrar grasræktar, ef þörf er. framræslukostnað og efni til girðinga.
3. Ábúendur leggja fram áburð og sáðvörur, aðrar en grasfræ, flutning á girðingarefni, vinnu við uppsetningu girðinga og sáningar og aðstoð til jarðvinnu eftir þörfum.

#### 16. gr.

Skylt er ábúendum á jörðum í leiguabúð að greiða 4% vexti af framlagi landsdrottins og ríkisins samlögðu, eftir að landið er komið í rækt. Skilríki um framlag þessara aðila og hækkun jarðarafgjalds samkvæmt því riti stjórn ræktunarframkvæmdanna á byggingarbréfið.

#### 17. gr.

Atvinnumálaráðherra úrskurðar hvenær hafizt er handa um ræktunarframkvæmdir samkvæmt ræktunarsamþykkt á hverju samþykktarsvæði.

#### 18. gr.

Heimilt er að undanþiggja ræktunarskyldu eftir ræktunarsamþykkt jarðir í heiðum og afdölum, eða á útkjálkum, þar sem ræktunarskilyrði eru lítil, eða hætta getur verið á að jarðirnar leggist í eyði, eða ekki er hægt að flytja jarðyrkjuvélnar þangað sökum samgönguörðugleika, sömuleiðis þær jarðir, sem fullræktaðar geta talizt, allt eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands.

#### 19. gr.

Ræktunarframkvæmdum samkvæmt ræktunarsamþykktum á hverju samþykktarsvæði skal lokið innan 4 ára frá því, er verkið var hafið.

#### 20. gr.

Nú hefir maður heimild á landi, sem Búnaðarfélag Íslands telur vel fallið til nýbýlis, og hefir hann þá sama rétt og búendur til þátttöku í ræktunarsamþykktinni fyrir land sitt.

### Greinargerð.

Það veldur sennilega ekki ágreiningi, að hag og horfum landbúnaðarins væri ólíku betur borgið, ef heyöflun gæti farið fram mestpart á véltæku landi með heyöflunarvélum þeim, sem nú eru kunnar. — Afkast þess mannafla, sem heyvinnu stundaði, yrði stórum mun meira, afrakstur meiri í hlutfalli við tilkostnað, búreksturinn minna háður hinum torfengna og — í hlutfalli við afrakstur — of dýra vinnukrafti og hinu breytilega náttúrufari landsins o. s. frv. — Sveitabúskapurinn gæti þá orðið bæði arðmeiri og arðvissari en ella, og styrkari stoð í efnalegri og menningarlegri framþróun þjóðlifsins.

Það sem í vegi stendur almennt fyrir því, að hægt sé að stunda heyskap hér á landi með vélum, er það, að tún og engi eru að meira og minna leyti óslétt og þýfð. Þó að unnið hafi verið — og unnið sé að því nú — all-ósleitilega að slétta túnin, þá vinnst það of seint, ósamstætt og skipulagslaust. Véltæka landið á tünnum og engjum er víðast hvar aðeins stærri og minni blettir innan um þýft og óslétt land, svo að litt tiltækilegt eða hagfellt er að vinna að heyöflun á því með vélum, enda hitt þá oft og einatt meiri hluti, sem vélvinnu verður alls eigi komið við á.

Með vaxandi verkafólksskortri í sveitum og hækkandi kaupgjaldi verður æ örðugra og örðugra að fá bæði þann vinnukraft, sem til þarf til að afla nægra heyja fyrir þann bústofn, sem þörf er á til að framfleyta heimilunum, og eins er hitt, að heyöflun með mannafla einum saman — og þá einkum þegar það er á þýfðum tünnum, og þýfðum, kannske blautum, graslitlum, heyillum og fjarlægum engjum — gefur ekki þann afrakstur og arð, sem þörf er á til þess að fjárhagsafkoma búrekstursins verði viðunandi, eða eins og þörf krefur.

Það hafa oft verið bornar fram áskanir á hendur bændum fyrir fram-taksleysi um það að taka upp vélrekstur á búskapnum á borð við það, sem sjávarútvegurinn hefir gert. Þess hefir ekki verið gætt, að til þess að þessar tvær atvinnugreinar gæti verið sambærilegar að þessu leyti, þá þurfi að gera landið véltækt, eins og sjórinn er véltækur frá náttúrunnar hendi, bæði til umferðar og fiskveiða. — Að því er stefnt í þessu frumvarpi, að svo geti orðið sem fyrst.

Því miður er það ekki öruggt ráð til fjárhagslegrar blómgunar einnar atvinnugreinar, að hún geti notað vélar að meira eða minna leyti til rekstursins. Það hefir m. a. reynsla fiskiveiðanna hér á landi sýnt. Eigi að síður hefir það stórfellda þýðingu fyrir rekstur og fjárhagsafkomu hveftrar atvinnugreinar, að

geta notað vélvinnu við reksturinn að sem mestu leyti. Það getur riðið baggamuninn um það, hvort atvinnugreinin er lifvænleg eða ekki og samkeppnisfær við aðrar eða samskonar atvinnugreinar erlendar eða innlendar.

Á bak við jarðræktarlögin má ætla, að standi óbein viðurkenning um nauðsynina á því að gera túnin véltæk til heyvinnu og leggja niður útheyskap á rýrari hluta engjanna, og ennfremur að með þeim sé stórt spor stigið í þá átt. En betur má, ef duga skal. Jarðræktarlögin eru ekki sniðin fullkomlega með þetta fyrir augum, enda áfátt að ýmsu leyti í því tilliti. Ágallar jarðræktarlaganna í þessu tilliti eru einkum þessir:

1. Að á grundvelli þeirra verður vinnan að túnsléttun og nýrækt helzt til skipulagsliti og ósamstæð, til þess að þessu takmarki verði náð hæfilega fljótt, eða svo fljótt, sem kostur gæti verið á.
2. Þeim efnaminni og máttarminni verða lögin að minna stuðningi en þeim, sem betur mega.

Frumvarpinu er ætlað að vinna bót á þessum ágöllum svo sem auðið er:

1. Þar sem ræktunarsamþykktir væru gerðar á grundvelli frumvarpsins -- og þess er vænzt, að á því muni ekki standa, -- þar yrði unnið að sléttun túna og nýrækt eftir föstu skipulagi og samstætt, svo að heyskaparlandið yrði brátt véltækt, að svo miklu leyti sem ekki væru til svo góðar engjar, sem vel gæti borið sig fjárhagslega að nytja með vélum eða handverkfærum einum.
2. Stuðningurinn væri þannig veittur, að hinir efnaminni og máttarminni stæðu jafnara að vigi með að geta notið hans hinum efnameiri og máttarmeiri.

Ekki er unni að gera óbyggjandi áætlun um það, hversu mikið fé ríkið þyrfti að leggja fram til þessara ræktunarframkvæmda. -- Veltur það á ýmsum atriðum, sem fyrirfram eru óþekkt til hlítar, svo sem stærð og ásigkomulag þess lands, sem vinna þarf, o. fl.

Eftir túnmælingunum 1916--20 var túnastærðin samanlögð rétt um 23 þús. ha. Síðan hafa þau stækkað að verulegum mun vegna nýræktar, en það þarf ekki að koma til greina í þessu sambandi, vegna þess að viðaukinn mun vera, svo að kalla, allur sléttur og véltækur.

Frá nefndri stærð túnanna má draga það, er ætla má að ekki komi til greina í þessu sambandi. Þann frádrátt má áætla þannig:

- |   |          |
|---|----------|
| 1. Tún í kaupstöðum og kauptúnum allt að .....  | 2500 ha. |
| 2. Tún þeirra jarða, er ætla má að geti orðið undanþegnar samþykktum samkv. 18. gr. frv. .... | 2500 ha. |
| 3. Véltækt nú þegar áætlað allt að $\frac{2}{5}$ .....  | 8000 ha. |

-----  
Samtals 13000 ha.

Hvort þessi frádráttur reyndist eitthvað verulega meiri eða minni, skal ekki fullyrt um.

Hversu mikið land ákveðið yrði að vinna utan túna, er ekki heldur auðið að gera óbyggjandi áætlun um. Það er einnig komið undir ástæðum, sem eru að

miklu leyti óþekktar. Ætla má þó, að það geti verið minna en í fljótu bragði getur sýnzt. Og það er vegna þess, að með sléttum og góðri rækt túnanna sjálfra má vænta stórmikils töðuauka, sennilega allt að þriðjung.

Útheyskapur í landinu hefir verið að meðaltali nokkurra ára nál. 1300000 hestar, en töðufengur í sveitum mun vera nál. 700000 hestar. Ef töðuaflinn, fyrir betri ræktun, gæti aukizt samkv. framansögðu um allt að 350000 hesta, þá svarar það til að fódurgildi fullkomlega helmings útheysins, er þess er gætt, hvort-tveggja í senn, að útheyshesturinn (lögbandshestur) er  $\frac{1}{4}$  léttari og fódurgildi jafnþyngdar af útheysi ekki meira en helmingur á móti töðu, þar sem það vitanlega yrði kjarnminni hluti útheysins, er hyrfi fyrir töðuaukanum. Sá hluti engjanna, er þyrfti til að afla hins helmings útheyssskapparins, má ætla að sé sumpart véltækur og sumpart svo góðar og ræktarmiklar engjar, að jafnvel, eða nær jafnvel, borgaði sig að nytja hann sem túnin sjálf, m. a. vegna þess, að engu þarf að kosta til árlegrar ræktunar engjanna, enda alkunnugt, að heyskapur á góðum engjum er engu síður arðvænn en á tünun.

Út frá þessum athugunum er beinast að álykta, að alls engrar nýyrkju þyrfti með til að afla jafnmikils fódurs að notagildi, ef túnin væru gerð slétt og þeim komið í góða rækt. Rétt mun þó að gera ráð fyrir, að nýyrkja nokkur yrði framkvæmd jafnhliða til þess að efla möguleika landbúnaðarins, og þá er vart hægt að gera ráð fyrir minni nýyrkju en 10000 ha.

Jarðvinna með vélum má ætla að kostaði 200—250 kr. á ha. Kostaði þá jarðvinnslan á þessum 20000 ha. 4—5 millj. kr., og hlutfallslega því minna sem minna land kynni að verða brotið. Gæti vel farið svo, að framlag ríkisins þyrfti ekki að vera öllu meira en til stóráveitnanna á Suðurlandsundirlendinu. — Mun engum blandast hugur um, hversu miklu meiri ávinningur væri að þessu verki en að nefndum áveitum.

Á þremur dögum má vinna jarðvinnuna á 1 ha. lands. Jarðvinnslan á 20000 ha. er þá samkvæmt því 60000 dv. fyrir dráttarvélavinnslu. Ætla má, að með dráttarvélinni megi vinna 120 daga á sumri að meðaltali. Þá væri verið í 500 sumur að vinna þetta verkefni með einni dráttarvél, en í 10 sumur með 50 dráttarvélum. Á helmingi styttri tíma mætti gera túnin ein véltæk með sama vinnuframlagi.

Hversu mikla vinnu og fé ríkið legði fram árlega, hefir það á sínu valdi (sbr. 17. gr.), en æskilegast væri að hraða verkinu sem mest. Myndi framlag og framkvæmd á hverjum tíma — sem og undirtektirnar undir þetta mál — fara mjög eftir því, hvern skilning þing og stjórn hefði á þörf og þýðingu landbúnaðarins.

Um einstakar greinar:

Um 1. gr.

Með lögbýli er átt við sjálfstæðar bújarðir utan kaupstaða og kauptúna.

Hagfeldast að ýmsu leyti mun, að samþykktarsvæðin séu ekki stór, og er þá eðlilegt að þau miðist við hreppatakörk og að sveitarstjórnir séu aðilar málsins í héraði.

Með ákvæðum greinarinnar er ekki útilokað, að fleiri hreppar séu í sambandi eða samvinnu um samþykktir, ef það þætti henta.

#### Um 2. gr.

Sjálfsgagt þykir, að Búnaðarfélag Íslands sé ráðunautur bæði búenda og ríkisstjórnar um undirbúning og framkvæmd samþykktu.

#### Um 3. gr.

Það þykir rétt, að auk búenda geti menn, er vinna í opinberri þjónustu að landbúnaðarmálum, svo sem ráðunautar B. I. og búnaðarsambandanna og trúnaðarmenn þeirra, átt frumkvæði að því, að ræktunarsamþykktir séu settar.

#### Um 4.—8. gr.

Þessar greinar segja fyrir um undirbúning og endanlega setningu samþykktu. Er tilhögun þess að mestu leyti sniðin eftir því, sem venja er til um heimildarlög.

#### Um 9. gr.

Hér er tekið fram það sem nauðsynlegt þykir að fastbinda í ræktunarsamþykktum:

1. og 2. tölul. — Það er tilgangur og takmark frv., að gera öll tún á bújörðun véltæk til heyrinnu og að auka svo og bæta ræktun jarðanna, að meginhluta alls heyrinnu sé aflað á ræktuðu og véltæku landi, þar sem skilyrði til þess eru fyrir hendi. Þess vegna verður að gera það að föstu skilyrði, að svo sé ákveðið í samþykktum, sbr. þó undantekningar 18. gr.

Það er álit flm., að eigi beri síður að leggja áherzlu á að rækta vel það land, sem ræktað er, en á stærð landsins.

Ákvörðun um stærð nýræktarinnar fyrir hverja jörð er ætlað til að gerð sé í samráði við ábúendur, og sé miðuð við það, að afleggja megi útheyskap á engjum, sem ekki gefa viðunandi afrakstur og arð.

3. tölul. Það er öruggast að ná fyrirfram samkomulagi og festa það í samþykktinni — um það, hversu framkvæmdinni skuli haga að ýmsu leyti, svo að það geti ekki valdið óánægju og sundurþykkju eftir á.

4. tölul. Eðlilegast er, að allur kostnaður við ræktunina falli á býlin, eins og hann verður í reyndinni á hvert þeirra. — Það verður að vera á valdi framkvæmdarstjórnar að skipta sérstökum og óvenjulegum kostnaði, svo sem kostnaði við flutninga, bilanir og tafir vegna þeirra niður á býlin. Þetta þarf að vera fastbundið fyrirfram í ræktunarsamþykktum.

5. tölul. Samkvæmt 11. gr. er ætlað til, að unsamið eða metið afgjald jarðanna sé einskona lögveð fyrir þeim kostnaði, er jarðeigendum er skylt að leggja fram samkv. 15. gr. 2. — Þetta verður að fastbinda fyrirfram í ræktunarsamþykktum.

6. tölul. Í frv. er ætlað til, að ríkið leggi fram mestan hluta kostnaðar við ræktunina. Framlag ríkisins er þó ekki hugsað sem beinn styrkur til ræktunarinnar, heldur þannig, að ríkið eignist þar með tilsvarendi hluta í jörðinni og fái vexti einskona landskuld — af því, svo lengi sem jarðeigendur kaupa ekki þennan eignarhluta ríkisins samkv. heimildinni í 12. gr.

Hugsað er, að ríkið fái það fé, sem það bindur á þennan hátt í jarðrækt-



inni, með ýmsu móti, eftir því sem ástæður leyfa og bezt hentar: Úr rikissjóði, beint af reksturstekjum, úr viðlagasjóði, úr Búnaðarbankanum eða annarsstaðar.

7. Tölul. Framlag ábúanda til ræktunarinnar er að miklu leyti fólgið í vinnu. Má að visu ætla, að þeir séu fúsir til — og sé fært — að leggja það fram, til þess þar með að bæta atvinnuskilyrði sín í framtíðinni, enda hjálpi hver öðrum til þess gagnkvæmt. Til tryggingar því, að það bregðist ekki — og geti ekki brugðizt — er búendum öllum á samþykktarsvæðinu gert skylt að vera í sameiginlegri ábyrgð um framlag ábúenda til ræktunarinnar.

#### Um 11. gr.

Étlazt er til, að jarðeigendur leggi fram sinn áskilda hluta af ræktunarkostnaðinum, eftir því sem þeim er fært, jafnótt og hann fellur á. Gera má þó ráð fyrir, að svo geti ekki orðið í öllum tilfellum, einkum þegar um verulegan framræslu- eða girðingarkostnað væri að ræða, og er þá afgjald jarðarinnar — umsamið eða metið — sem trygging fyrir framlagi þeirra, eftir því sem sagt er í greininni. Búnaðarbanki Íslands ætti að geta veitt þessi lán, ella mætti taka þau hvar sem fé væri fáanlegt.

Ekki er bundið við, að nýyrkjulandið sé áfast við túnið, og mætti því í flestum tilfellum komast hjá framræslukostnaðinum.

#### Um 12. gr.

Eins og varið er forkaupsrétti á jörðum þykir sjálfsagt, að eigendur býlanna eigi kost á að innleysa afgjaldskvöðina.

Margföldun árgjaldsins til stofnverðs ber vitanlega að ákveða eftir því hver rentufótur verður áskilinn.

#### Um 13. gr.

Að líkindum myndu skyldur og ábyrgð leiguliða eftir samþykkt hljóta að fylgja ábúðinni, þó ekkert sé um það ákveðið, en þessi grein tekur af allan vafa um það.

#### Um 14. gr.

Óhjákvæmilegt er, að ábúendur fari með atkvæði jarðeigenda í þeim málum, er snerta ræktunarsamþykktir, vegna þess, að oft hlýtur að standa svo á, að ekki er hægt að leita atkvæðis jarðeigenda.

#### Um 15. gr.

Nauðsynlegt telst að ákveða skilmerkilega, hvernig kostnaður á að skiptast á milli ríkis, jarðeigenda og ábúenda, og á þá lund, sem eðlilegast er.

Ríkissjóður leggur fram kostnað til jarðvinnslunnar og eignast hluta jörðinni fyrir framlag sitt. — Jarðeigendur leggja fram annan þann kostnað, sem verður til varanlegra nota á jörðunum, en ábúendur það, er teljast má til venjulegs árlegs ræktunarkostnaðar.

Um 16. gr.

Það verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt, að ábúendur greiði 4% vexti, a. m. k., af samanlögðum ræktunarkostnaði ríkis og jarðeigenda. — Það er lagt á vald framkvæmdarnefndar að ákveða, hversu hár sá kostnaður er, til að fyrirbyggja ágreining um það eftir á.

Um 17. gr.

Þar sem ríkinu er ætlað að leggja fram til ræktunarinnar verulegasta hluta kostnaðarins, þá er réttmætt að það ráði því, hvenær ræktunarsamþykkt kemur til framkvæmda.

Um 18. gr.

Réttmætt þykir að undanskilja þátttöku í ræktunarsamþykkt þær jarðir, sem svo stendur á um, sem segir í þessari grein, en að leggja úrskurð um þau atriði á vald Búnaðarfélags Íslands, sem hefir á að skipa mönnum, sem hafa fræðilega þekkingu um flest þau atriði, sem koma til greina í því sambandi.

Um 19. gr.

Hvort hámarkstími sá, sem hér er tiltekinn, er hæfilega langur, getur verið álitamál, en einhvern hámarkstíma — og hann ekki langan — þykir þurfa að tiltaka.

Um 20. gr.

Sjálfsgagt þykir að neyta þess tækifæris, sem fyrir hendi er um leið og jarðvinnslan fer fram á hverjum stað, til ræktunar á nýbýlum, þar sem önnur skilyrði til stofnunar nýbýlanna eru fyrir hendi.

Um 16. gr.

Það verður að teljast eðlilegt og sanngjarnt, að ábúendur greiði 4% vexti, a. m. k., af samanlögðum ræktunarkostnaði ríkis og jarðeigenda. — Það er lagt á vald framkvæmdarnefndar að ákveða, hversu hár sá kostnaður er, til að fyrirbyggja ágreining um það eftir á.

Um 17. gr.

Þar sem ríkinu er ætlað að leggja fram til ræktunarinnar verulegasta hluta kostnaðarins, þá er réttmætt að það ráði því, hvenær ræktunarsamþykkt kemur til framkvæmda.

Um 18. gr.

Réttmætt þykir að undanskilja þátttöku í ræktunarsamþykkt þær jarðir, sem svo stendur á um, sem segir í þessari grein, en að leggja úrskurð um þau atriði á vald Búnaðarfélags Íslands, sem hefir á að skipa mönnum, sem hafa fræðilega þekkingu um flest þau atriði, sem koma til greina í því sambandi.

Um 19. gr.

Hvort hámarkstími sá, sem hér er tiltekinn, er hæfilega langur, getur verið álitamál, en einhvern hámarkstíma — og hann ekki langan — þykir þurfa að tiltaka.

Um 20. gr.

Sjálfsagt þykir að neyta þess tækifæris, sem fyrir hendi er um leið og jarðvinnslan fer fram á hverjum stað, til ræktunar á nýbýlum, þar sem önnur skilyrði til stofnunar nýbýlanna eru fyrir hendi.